

Nd.

340. Nefndarálit

um frumvarp til laga um aðflutningsbann á ýmsum vörum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Þrír háttv. nefndarmenn ráða til, að frv. nái samþykki háttv. deildar, þó með nokkrum breytingum. Aðaltilgangur með frumv. er sá að bæta verslunarjöfnuð landsins og á þann hátt að stuðla að hækkuðu gengi ísl. krónu.

Það er álit meiri hluta nefndarinnar, að til viðreisnar genginu sje engin ein leið einhlít; hitt skal játað, að hagstæður verslunarjöfnuður er ein af leiðunum til viðreisnar, en þó að eins í sambandi við aðrar ráðstafanir, svo sem þá að koma jöfnuði á tekjur og gjöld rikissjóðs, helst þannig, að hægt sje að borga verulegar afborganir af rikisskuldunum af árlegum tekjum rikissjóðsins.

Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt, að höfð sje hliðsjón af þessu tvennu þegar ráða á bót á lággenginu.

Hinsvegar hafa nefndarmenn nokkuð skiftar skoðanir um áhrif innflutningshafta á gengið, og þá ekki síður um það, hversu langt þeri að ganga í heftingu á innflutningi umfram beinar óþarfavörur.

Það virðist fyrirsjáanlegt, að ekki sje hægt í lögum, sem gilda eiga máské um fleiri ára bil, að telja upp eða skilgreina allar þær vörur og vörutegundir, sem ástæða er eða verður til að hefta innflutning á, því fremur sem búast má við, að bannvöru verði reynt að koma inn í breyttu formi og með breyttum nöfnum.

Þá er og vitað, að nokkrar vörutegundir, sem bannaður verður innflutningur á, ef frv. nær samþykki Alþingis, verður óhjákvæmilegt að flytja inn, ef ekki nú þegar, þá innan ekki langs tíma. Í annan stað er sennilegt, að einhverjar vörutegundir megi og eigi að banna á ýmsum tímum aðrar en þær, sem í frumvarpinu eru taldar.

Minni hluti nefndarinnar vill, að þær vörur, sem bannaður verður innflutningur á í lögunum, en sem fyrirsjáanlegt er, að veita þarf undanþágu á, verði fluttar inn af Landsverslun.

Þetta getur meiri hlutinn ekki fallist á, meðal annars af þeim ástæðum, að ef Landsverslun ætti að hafa innkaup og sölu á mörgum flokkum erlendra vara, hlyti að verða óhjákvæmilegt að auka mannhald við verslunina að stórum mun og fá menn með sjerþekkingu á ýmsum vörutegundum, t. d. vefnaðarvöru, til aðstoðar og ráðuneytis. Jafnvel þó þetta væri gert, telur meiri hl. víst, að mistök og ókunnugleiki á þörfum almennings í hinum ýmsu hjeruðum í vöruvalinu yrði til þess, að varan yrði síður að þörfum almennings og dýrari en annars þyrfti að vera.

Þær vörur, sem óhjákvæmilegt er að leyfa innflutning á, eiga að vera öllum frjálsar, bæði til neyslu og verslunar. Með því verður helst dregið úr ýmsum að-

algöllum innflutningshaftanna, svo sem tortrygni um hlutdrægni í garð einstakra manna, er sjerstakar undanþágur fá, óhæfilega hátt vöruverð og of einhæft vöruval, og þar með aukna örðugleika, sjerstaklega fyrir þá, sem minsta hafa kaupgetuna.

Deilunni um það, hvort í lögnum frá 8. mars 1920 felist næg heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að hefta innflutning á vörum, jafnvel þeim, sem ekki geta talist óþarfar eða ónauðsynlegar, má telja lokið með reglugerð þeirri, sem hæstvirt fyrver. ríkisstjórn gaf út í fyrra mánuði, þar sem bannaður er innflutningur á ekki ónauðsynlegri vöru en skófatnaði o. fl.

Af framangreindum ástæðum og fleirum telur meiri hlutinn heppilegast og hagkvæmast, að ríkisstjórninni sje falin framkvæmd innflutningshaftanna. Fyrir því leggjum vjer til, að frumvarpið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti heimild í lögum nr. 1, 8. mars 1920, til þess að hefta innflutning eins og sært þykir með hliðsjón af fjárhagsástandi ríkissjóðs, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. mars 1924.

Jón A. Jónsson,
framsm.

Aug. Flygenring.

Björn Líndal.

Undirritaður telur ekki rjett að hefta eða banna innflutning á öðrum varningi en þeim, sem alónauðsynlegur getur talist, og væntir þó litils árangurs af. Með slíkum ummælum telur hann rjett, að málinu væri vísað til stjórnarinnar.

D. u. s.
Jakob Möller.